

8. bekkur

Miðaldir, endurreisnin og hinir miklu landafundir eru viðfangsefni á þessu skólaári. Skýr hugsun er aðal verkefarið til að brjóta mörk nýrrar þekkingar.

Hugmyndum miðalda var mótmælt á endurreisnartímanum með nýjum vísindum, nýrri list, nýrri hagfræði, nýrri tækni og nýjum samskiptum þjóða. Það þurfti að endurskapa ímynd mannsins af heiminum þegar vísindin komust að því að hið ómögulega væri mögulegt. Þau mörk sem maðurinn véfengdi urðu að víkja. Þetta var að þakka einstaklingum sem fullyrtu sannfæringu sína þvert á ríkjandi viðhorf, oft í mikilli hættu. Sagan býður upp á frábær sjónarhorn á því hvað einstaklingur getur áorkað, bæði í eigin þroska og fyrir heiminn.

Verkefni kennslunnar er að sýna fram á að lífið sé áhugavert og innihaldsríkt og þess vegna sé það þess virði að skoða það og vera virkur í lífinu. Að þekkja sjálfan sig sem hluta af heiminum og geta viðurkennt heiminn í sjálfum sér, vekur öryggistilfinningu í lífinu.

Lögð er áhersla á þetta með því að láta viðfangsefnin bjóða upp á nýja uppgötvun og könnun á hinu takmarkalausa. Við höldum enn heildrænni nálgun á viðfangsefnið – hvort sem það er landafræði heimsálfa frá norður til suðurskauts, líffærakerfi mannslíkamans, stjörnufræði, efnafræði brunans eða óendanlegar umbreytingar þríhyrningsins – heildarsýn gefur mikilvæga upplifun af grunnmynstrinu sem tengir allt saman.

Saga, landafræði, stærðfræði og stjörnufræði eru nátengd í ár. Heimskortið verður til með landafundum og gangi sögunnar og jörðin verður viðráðanlegur veruleiki. Fyrsta alheimsvitund vaknar og skapar samkennd: Ég hef líka áhrif í heiminum. Það sem ég hugsa og geri hefur afleiðingar fyrir aðra og fyrir jörðina. Um leið og maður hefur sætt sig við þetta, er hægt að endurskilgreina hlutverk sitt í samfélaginu. Unnið með platónsku margflötungana í teikningu og þrívídd.

Í handverkinu er unnið með nytjahluti í smíði og nemendur vinna fingerðari vinnu með sporjárn. Aftur er vefnaðurinn heimsóttur og myndvefnaður lærður, fataprent og flóknari prjónavinna er viðfangsefni í textílvinnu.